

Heilbrigðisráðuneytið, kt. 521218-0530, Síðumúla 24, 108 Reykjavík, Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, Dalbraut 4, 300 Akranesi og Hvalfjarðarsveit, kt. 630606-1950, Innrimel 3, 301 Akranesi gera með sér eftirfarandi

Viljayfirlýsingu vegna stækkunar á hjúkrunarheimilinu Höfða.

1. gr.

Heilbrigðisráðuneytið, Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit lýsa yfir vilja til að standa saman að fjölgun hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilinu Höfða á Akranesi um allt að 29 hjúkrunarrými.

Viljayfirlýsingin er gerð með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum og ákvörðun bæjarstjórnar um fjárveitingu í fjárhagsáætlun.

2. gr.

Samkvæmt 32. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 skal þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við byggingu og búnað hjúkrunarheimila vera 15% af stofnkostnaði. Ráðgert er að breyta þessu ákvæði laganna þannig að 15% framlag sveitarfélaganna falli niður.

Aðilar lýsa yfir vilja til að fara eftir þeirri leið sem kveðið er á um í skýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis, Breytt fyrirkomulag fasteigna vegna hjúkrunarheimila, gefin út í nóvember 2023. Sá tími sem fer í lagabreytingar á ekki að tefja uppyggingu á stækkun hjúkrunarheimilisins.

Áætlað er að hjúkrunarheimilið verði rekið áfram af Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit.

3. gr.

Akranesbær og Hvalfjarðarsveit sjá um hönnun og byggingu á allt að 29 viðbótarrýmum auk breytingu á eldri rýmum þannig að heildarfjöldi rýma verði alls um 99 rými. Kostnaður við stækkun og breytingar á hjúkrunarheimilinu mun greiðast af byggingaraðila/húseiganda en fyrir tilstuðlan ríkisins verður leigusamningi komið á við húseiganda þar sem umsamin leiga verður greidd mánaðarlega. Eins og fram kemur í skýrslunni, Breytt fyrirkomulag fasteigna vegna hjúkrunarheimila og fylgiskjali 1 við skýrslu, mun viðmiðunarhúsnaðisgjald verða lagt til grundvallar í samningum við húseigendur um yfurfærslu eldra húsnæðis yfir í nýtt fyrirkomulag. Ráðgert er að leigusamningur verði til 20 – 30 ára.

Akraneskaupstaður 


Skjal nr.	Mótt. af	Mótt. dags.
3.12.2	anj	6.9.'24
Ábm.	Úrv.aðili	Málsnr. One
HÀ	HÀ sta	2409115

4. gr.

Miða skal við að taka megi heimilið í notkun í byrjun árs 2028.

Við hönnun á stækjun og breytingu á hjúkrunarheimililinu skal fylgt viðmiðum sem tilgreind eru í ritinu „Skipulag hjúkrunarheimila“, 3. útgáfa 2022.

Akranes 5. september 2024




Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra



Einar Brandsson
Stjórnarformaður
Fyrir hönd Höfða



Haraldur Benediktsson
Bæjarstjóri
Fyrir hönd Akraneskaupstaðar



Andrea Ýr Arnarsdóttir
Oddviti Hvalfjarðarsveitar
Fyrir hönd Hvalfjarðarsveitar



AKRANESKANSABORG

Welt der	Welt der	Welt der
Welt der	Welt der	Welt der